

SJÓNRAEN FÉLAGSFRÆÐI: AÐ SJÁ OG GREINA SAMFÉLAGIÐ Í GEGNUM MYNDAVÉLINA

Eitt meginmarkmið kennslu í félagsfræði er að hjálpa nemendum að verða læsir á samfélagið, meðal annars með því að þróa með sér félagsfræðilegt innsæi (e. sociological imagination). Kennsluhættir í félagsfræði hafa um langa hríð falist að miklu leyti í því að láta nemendur lesa félagsfræði í stað þess að sjá félagsfræði en sjónræn félagsfræði (e. visual sociology) hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu áratugum sem viðurkennd kennslu- og rannsóknaraðferð innan félagsvísinda. Í þessari grein fjalla ég um það hvernig hægt er að nýta sjónræna félagsfræði, í þessu tilfalli ljósmyndaritgerðir, til þess að þjálfra og þróa félagsfræðilegt innsæi nemenda á efri skólastigum. Til að lýsa þessu greini ég fjórar af mínum eigin ljósmyndum út frá ýmsum hugmyndum, hugtökum og kenningum félagsfræðinnar. Greiningu myndanna er ætlað að vekja athygli á því hvernig nýta má ljósmyndun og ljósmyndaritgerðir til samfélagslegrar greiningar og til kennslu í félagsfræði með hliðsjón af lykilmarkmiðum sem lagt er upp með í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Efnisorð: félagsfræði, félagsfræðilegt innsæi, ljósmyndaritgerðir, kennslutæki, efri skólastig

„Myndavélin er tæki sem kennir fólki að sjá án myndavélar“
(Dorothea Lange, e.d.)

INNGANGUR

Eitt meginmarkmið kennslu í félagsfræði er að hjálpa nemendum að verða læsir á samfélagið (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015). Félagsfræðilegur skilningur á samfélaginu byggist þannig á því að nemendur skilji og geti beitt hugmyndum, hugtökum og kenningum félagsfræðinnar á eigið líf og umhverfi, sem og á framandi aðstæður, og tileinki sér það sem félagsfræðingar nefna *félagsfræðilegt innsæi* (e. sociological imagination) (Mills, 1959). Beiting félagsfræðilegs innsæis hefur stundum verið líkt við það að nemendur setji á sig „félagsfræðileg gleraugu“ og noti ímyndunaraflíð til að stíga út úr eigin aðstæðum, sjá og greina aðstæður og atburði og spyrja spurninga út frá félagsfræðilegu sjónarhorni frekar en því sjónarhorni sem þeir eru vanir að beita dagsdaglega.

Félagsfræðilegt innsæi hjálpar nemendum að öðlast skilning á samfélagsgerðinni með því að sjá og skilja gagnvirkni einstaklings og samfélags út frá ýmsum sjónarhornum (Giddens og Sutton, 2013; Mills, 1959).

Nemendur lifa og hrærast í sjónrænum heimi en kennsluhættir í félagsfræði hafa um langa hríð frekar miðast við að láta nemendur lesa félagsfræði en að sjá félagsfræði (Aiello og Parry, 2020; Burton, 1988). Sjónræn félagsfræði (e. visual sociology) hefur aftur á móti verið að ryðja sér til rúms sem viðurkennd aðferð innan félagsvísinda á síðustu áratugum. Sjónrænar myndir, eins og ljósmyndir og kvikmyndir, hafa reynst gagnleg kennslutæki sem hjálpa nemendum að læra félagsfræði með því að veita þeim tækifæri til að skyggast inn í fjölbreytta félagsheima, hvort sem um er að ræða eigið hversdagslíf, hið stærra samfélag eða heim dægurmenningar, út frá hugmyndum félagsfræðinnar (Sutherland og Feltey, 2013). Sjónrænir myndir hafa jafnframt verið nýttir til samfélagslegrar greiningar þar sem félagsfræðingar nota myndmál en ekki eingöngu viðtöl, hið skrifaða orð eða töluleg gögn í fræðilegri greiningu (Becker, 1974; Harper, 2002; Moskovich og Sharf, 2012; Rose, 2016).

Ljósmyndun og greining ljósmynda getur til að mynda verið gagnleg leið til að þjálfra félagsfræðilegt innsæi nemenda (Becker, 1974). Gerð ljósmyndaritgerða ætti þannig að falla vel að ýmsum markmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla sem gerir meðal annars ráð fyrir að fjölbreytni í kennsluáðferðum og vinnubrögðum nemenda sé forsenda fyrir þjálfun margvíslegrar færni nemenda sem og að námið eigi ekki eingöngu að eiga sér stað innan veggja skólans (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Til dæmis getur gerð ljósmyndaritgerða, þar sem nemendur taka ljósmyndir á vettvangi og greina með verkfærum félagsfræðinnar, hjálpað nemendum að sjá og skilja félagsfræði og samfélag út frá eigin hversdagsveruleika og á eigin tíma með hugmyndir og sjónarhorn félagsfræðinnar í farteskinu. Ljósmyndaritgerðir geta þannig veitt nemendum tækifæri til að staldra við og sjá augnablikið eins og það birtist hverju sinni, en það hjálpar þeim að skynja og skilja samfélagið út frá ýmsum sjónarhornum félagsfræðinnar með öðrum hætti en þeir gera að öllu jöfnu og stuðlar þannig að skapandi greiningu nemenda á samtímanum. Enn fremur má halda því fram að það sé sérstaklega mikilvægt í hröðu upplýsingasamfélagi nútímans að hægja á tímanum, frysta augnablikið og leyfa nemendum að rýna í samfélagsgerðina með þessum hætti. Að greina efni sjónrænna miðla getur í senn aukið skilning nemenda á hugtökum, kenningum og hugmyndum félagsfræðinnar og aukið meðvitund þeirra um stað og stund. Beiting ljósmyndaritgerða í kennslu fellur enn fremur vel að ýmsum öðrum markmiðum aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla þar sem slík verkefni reyna á sjálf-ræði, sjálfsstjórn og sköpunarkraft nemenda (sjá Marn og Roldn, 2010; Sensoy, 2011; Thompson og Williams, 2009), sem allt eru mikilvægir þættir sem leggja ætti áherslu á að þjálfra og efla í skólastarfi (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015; sjá einnig Ingibjörgu Kaldalóns, 2017; Steinunni Gestsdóttur, 2012).

Í þessari grein fjalla ég um það hvernig nemendur geta sjálfir tekið og greint ljósmyndir í þeim tilgangi að þjálfra og öðlast félagsfræðilegt innsæi með gerð ljósmyndaritgerða. Ég hef á undanförunum árum lagt fyrir ljósmyndaritgerðir í kennslu á háskólastigi og í þessari grein geri ég grein fyrir ljósmyndaritgerðum sem kennsluáðferð á efri skólastigum með hliðsjón af ýmsum markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla. Í greininni leitast ég við að sýna fram á hvernig hægt er að beita félagsfræðilegu innsæi á hversdagslífið, festa það á ljósmynd og greina það út frá ýmsum sjónarhornum

félagsfræðinnar með dæmum af fjórum af mínum eigin ljósmyndum. Tilgangur þessarar greinar er þríþættur: í fyrsta lagi að sýna fram á hvernig hægt er að nota ljósmyndun og túlkun ljósmynda í kennslu í félagsfræði, með gerð ljósmyndaritgerða; í öðru lagi að hjálpa lesandanum að tileinka sér félagsfræðilegt innsæi með því að rýna í hversdagslífið í gegnum ljósmyndir og í þriðja lagi að vekja lesandann til umhugsunar um fjölbreytt félagsleg málefni sem birtast á ljósmyndunum í greininni. Framsetning og greining myndanna sem hér fer á eftir er því fyrst og fremst dæmi um það hvernig hægt er að gera ljósmyndaritgerðir og túlka félagsfræðilegt efni ljósmynda sem settar eru fram í slíku verkefni, til upplýsingar fyrir kennara, nemendur og aðra áhugasama.

SJÓNÆN FÉLAGSFRÆÐI

Notkun sjónrænna miðla í kennslu

Kaczmarek (2008) hefur bent á að greining á sjónrænum miðlum (eins og ljósmyndum og kvikmyndum) sé sjálfstæð fræðileg nálgun þar sem félagslegur raunveruleiki er greindur út frá félagsfræðilegu innsæi. Með þeim hætti er hægt að lesa í sjónræna miðla rétt eins og texta og rýna í félagsfræðileg þemu og frásagnir sem sýna til að mynda hvernig félagslegar formgerðir (e. social structures) móta hversdagslífið og hvernig einstaklingar túlka félagsheiminn. Frásagnir sem birtast í sjónrænum miðlum eru þannig settar í félagsfræðilegt samhengi og það getur hjálpað áhorfandanum/greinandanum að skilja gagnvirkni milli samfélagsins, og einstaklinga og hópa þess. Sjónrænir miðlar (og þá sérstaklega kvikmyndir og sjónvarpsþættir) geta enn fremur veitt innsýn í heima sem við höfum að öllu jöfnu ekki aðgang að, eins og til dæmis heim glæpa, geðsjúkdóma, fátæktar eða ríkidæmis, og geta komið að einhverju leyti í staðinn fyrir raunverulega upplifun fólks af vettvangi. Sjónrænir miðlar geta þannig byggt brú á milli fyrirlestra, rannsókna og kennslubóka og heimsins eins og hann er (Demerath III, 1981). Með því að beita félagsfræðilegu innsæi á sjónræna miðla fær áhorfandinn tækifæri til að sjá og skynja ýmiss konar hegðun og athæfi í nýju ljósi og í öðru samhengi en hann er vanur, og getur myndmálið sagt honum meira en hið skrifaða orð (Becker, 1974).

Rannsóknir, allt frá upphafi áttunda áratugarins, hafa sýnt fram á notagildi sjónrænna miðla í kennslu í félagsfræði. Þær hafa til dæmis sýnt hvernig notkun þeirra getur: a) hjálpað nemendum að læra félagsfræði og félagsfræðileg hugtök (Livingston, 2004; Moskovich og Sharf, 2012; Scanlan og Feinberg, 2000; Smith, 1973; Tipton og Tiemann, 1993); b) lýst því hvernig félagsfræðilegar kenningar skýra félagslega hegðun (Katovich, 2011; Peoples og Helsel, 2013; Viðar Halldórsson og Katovich, 2018; Þórólfur Þórlindsson, 2012); c) aukið félagsfræðilegt innsæi nemenda (Burton, 1988; Prendergast, 1986; Tipton og Tiemann, 1993); d) þjálfað nemendur í að beita félagsfræðilegu innsæi á nærumhverfi sitt (Eisen, 2012; Mount, 2017); e) eftt gagnrýna hugsun nemenda (Eisen, 2012; Mount 2017) og f) örvað umræður í kennslustundum (Martinez, 1994; Snyder, 1997).

Víða um heim er nú farið að kenna sjónræna félagsfræði, eins og félagsfræði ljósmynda, kvikmynda og dægurmennningar, í háskólum. Alþjóðasamtök sjónrænnar félagsfræði (International Visual Sociology Association) voru stofnuð árið 1981. Rannsóknum

á sviðinu fjölgar jafnt og þétt (sjá t.d. Harper, 2002) og til að mynda hefur sérstakt tímarit um sjónræna félagsfræði (Visual Studies) verið gefið út allt frá árinu 1986. Auk þess hefur fjöldi greina um það hvernig félagsfræðin getur nýtt sjónræna miðla í kennslu birst á undanförunum áratugum (sjá t.d. tímaritið Teaching Sociology allt frá árinu 1973).

Efni og inntak ljósmynda

Félagsfræði og ljósmyndum hafa um langa hríð haldist í hendur þar sem hlutverk ljósmyndarans og félagsfræðingsins er að vissu marki það sama; að kanna samfélagið (Becker, 1974). En ljósmyndun byggist á ólíkum markmiðum ljósmyndarans hverju sinni eins og að festa minningar í varanlegt form, að sýna eitthvað sem er fallett og að sýna einhvers konar sannleika (Sontag, 1977). Oftast er litið meira til þess að fanga minningar og/eða til fagurfræðinnar í almennri ljósmyndun en í sjónrænni félagsfræði höfum við meiri áhuga á einhvers konar greiningu á sannleikanum. Ljósmyndir eru staðfesting á einhverju sem við höfum séð (Kastan og Farthing, 2018) og geta „fangað skipulag heimsins“ (Sontag, 1977, bls. 100). Ljósmyndir geta því haft fjölbreytta merkingu, og víðari tengingu en það sem sést á sjálfum myndunum (Becker, 1974; Harper, 2002; Marien, 2014) og kallað fram dýpri skilning og meðvitund um fyrirbæri heldur en orð (Harper, 2002; Heiferman, 2019). Ljósmyndarar láta þó túlkun myndanna jafnan áhorfandanum eftir (Becker, 2007). Í sjónrænni félagsfræði, eins og hún er nýtt í þessari grein, er túlkun myndanna þó fyrst og fremst í höndum ljósmyndarans þar sem hann velur og túlkar myndefnið út frá völdum hugmyndum félagsfræðinnar.

Bandaríski félagsfræðingurinn Howard S. Becker heldur því fram að greiningar á sjónrænum miðlum veiti áhorfandanum raunverulega birtingarmynd af samfélaginu. Birtingarmyndin sem ljósmyndin sýnir þarf þó ekki að vera sú eina rétta, en á meðan áhorfandinn meðtekur og samþykkir birtingarmyndina sem sett er fram öðlast hún ákveðið réttmæti (Becker, 1974, 1995, 2007). Hið sjónræna, hvort sem litið er til ljósmynda eða kvikmynda, felur því í sér einhvers konar sannleika, en segir þó kannski ekki allan sannleikann (Sontag, 1977; Sutherland og Feltey, 2013). Til dæmis hefur ljósmyndarinn það vald að ákveða hvað verður innan myndarammans og hvað verður utan hans. Með því móti ákveður ljósmyndarinn hvað er merkingarbært, og á skilið að vera myndað, og einnig ræður hann því hvernig hann stillir myndavélina og vinnur myndina með því að nota tæknina til að stækka/minnka ramma hennar eða gefa henni ákveðinn tón eða blæ (Bourdieu, 1990; Sontag, 1977). Þá kann nútímataekni að hafa dregið úr trú okkar á sannleiksgildi ljósmynda, þar sem unnt er að eiga við ekki einungis okkar eigin myndir heldur einnig myndir annarra með ýmsum hætti, hvort sem er að laga þær til eða að breyta innihaldi þeirra (Marien, 2014). Því er mikilvægt að áhorfandinn/greinandinn sé upplýstur um uppruna ljósmynda og vinnslu þeirra. Ljósmyndin sýnir þó jafnan á endanum einhvers konar birtingarmynd veruleikans (Becker, 1974; Heiferman, 2019; Sontag, 1977). Augnablikið er raunverulegt þegar ljósmyndarinn smellir af, og verður þannig fest í varanlegt form. Þetta augnablik og sönnun þess getur því endurspeglað einhvers konar raunveruleika eins og hann var hverju sinni (Heiferman, 2019). Fræðileg greining á sjónrænum miðlum, eins og ljósmyndum, byggist þess vegna á því að setja viðfangsefnið í fræðilegt og merkingarbært samhengi fyrir áhorfandann. Ein ástæða þess að sú aðferðafræði hefur orðið æ

útbreiddari á undanförunum árum og fengið almennari viðurkenningu fræðasamfélagsins er að mati Marien (2014) súa að ljósmyndir þykja sýna sannari mynd af raunveruleikanum en flest önnur listform.

Greining á ljósmyndum getur svarað mörgum spurningum og það er í höndum greinandans að ákveða hvaða spurningum hann svarar (Becker, 2007). Slík greining byggist því alltaf á einhvers konar pólitískri og hugmyndafræðilegri nálgun greinandans (Sontag, 1977). Greiningin á ljósmyndunum sem hér fer á eftir er því ekki endanleg eða altæk, heldur er hún aðeins ein af mögulegum greiningum á tilteknum ljósmyndum (Becker, 1974). Hún á ekki að standa eftir sem einhver algildur sannleikur um lífið og tilveruna. Öllu heldur er greiningunni ætlað að vekja lesandann til umhugsunar um þau tækifæri sem felast í því að rýna í ljósmyndir og annað myndmál út frá gagnrýnu og fjölbreyttu félagsfræðilegu sjónarhorni, í því skyni að þjálfra og þróa félagsfræðilegt innsæi lesandans í hversdagslífið. Að lesa með slíkum hætti í ljósmyndir, sem og aðra sjónræna miðla, getur vakið frekari spurningar um lífið og tilveruna, aukið skilning á því hvernig félagsleg öfl móta og hafa áhrif á líf einstaklinga og hópa samfélagsins – sem við hugsum yfirleitt ekki út í dagsdaglega – fengið fólk til að túlka aðstæður sínar, hvatt það til aðgerða, og ýtt undir gagnrýni þess á samfélagsgerðina eða sérstök samfélagsleg málefni (Sutherland og Feltey, 2013).

Ljósmyndaritgerðir

Í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er lagt upp með að kennarar beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015). Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi benda þó til þess að kennarar eigi stundum í erfiðleikum með að uppfylla sum markmið aðalnámskráanna og hefur kennsla á grunnskólastigi almennt einkennst af beinni kennslu frekar en af fjölbreyttum kennsluaðferðum (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014; Ingibjörg Kaldalóns, 2017). Fyrirlestrar og skrifleg verkefni eru enn algengasta kennsluaðferðin í íslenskum framhaldsskólum á meðan sjálfstæð, skapandi verkefni og verklegar æfingar eru vannýttar kennsluaðferðir, og á það sérstaklega við um kennslu í félagsvísindagreinum (Ingvar Sigurgeirsson, Elsa Eiríksdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2018). Nemendur í framhaldsskólum hafa jafnframt óskað eftir fjölbreyttari kennsluháttum og sveigjanlegra námsumhverfi (Anna Kristín Sigurðardóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir, 2018). Gerð ljósmyndaritgerða fellur vel að ýmsum markmiðum aðalnámskrár, og kröfum nemenda, þar sem með framkvæmd þeirra má stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum sem reyna sérstaklega á sjálfræði, sjálfsstjórn og sköpunarkraft nemenda utan veggja skólans (sjá Marn og Roldn, 2010; Sensoy, 2011; Thompson og Williams, 2009).

Ein leið við gerð ljósmyndaritgerða er að láta nemendur greina fyrirbyggjandi ljósmyndir, annaðhvort ljósmyndir sem kennari setur fram eða ljósmyndir sem nemendur finna sjálfir á netinu eða í blöðum og bókum. Sú leið getur þjálfað nemendur í fræðilegri greiningu á ljósmyndum. Önnur leið, og sú leið sem lagt er upp með í þessari grein, er að láta nemendur um að finna myndefni úr hversdagslífi sínu, taka ljósmyndirnar og greina þær í kjölfarið. Með því að við tökum sjálf myndirnar sem við ætlum að greina renna félagsfræðingurinn og ljósmyndarinn saman í eitt. Að mati Beckers hefur sú aðferð sína kosti:

Félagsfræðilegar kenningar, hvort sem litið er til stórra kenninga um félagslegar formgerðir samfélagsins eða sérstakra kenninga um ákveðin fyrirbæri, eru í raun safn hugmynda sem geta hjálpað manni að skilja aðstæður á meðan maður tekur ljósmynd af þeim. Kenningin segir manni þannig hvenær myndin [sem maður sér í gegnum myndavélalinsuna] inniheldur eitt-hvað merkingarbært sem er þess virði að deila og veitir þannig viðmið um hvernig við getum aðskilið það sem er merkingarbært og eykur skilning okkar á samfélaginu, frá því sem er það ekki. (Becker, 1974, bls. 12, íslensk þýðing höfundar)

Nemendur læra þannig að *sjá* samfélagið með augum félagsfræðinnar í gegnum linsu myndavélarinnar. Gerð ljósmyndaritgerða sem byggjast á seinni aðferðinni, þar sem nemendur sjálfir taka ljósmyndirnar sem þeir greina, leiðir einnig til þess að námið færist sjálfkrafa úr skólastofunni yfir í félagsheim nemenda og reynir sú leið jafnframt meira á sjálffræði og sköpunarkraft nemenda en fyrri aðferðin. Það má jafnframt halda því fram að ljósmyndaritgerðir sem þessar eigi sérlega vel við í kennslu í félagsfræði, annars vegar af því að nemendur eru öllum stundum þátttakendur í samfélaginu sem gefur þeim færi á að sjá og greina félagsfræðileg þemu allt í kringum sig, og hins vegar vegna þess að snjallsímar, með innbyggðum myndavélum, eru orðnir nokkurs konar staðalbúnaður meðal ungs fólks hér á landi og það gerir nemendum kleift að nýta tæknina með markvissum hætti til að festa augnablikin, upplifanirnar og veruleikann í varanlegra form.

Framkvæmd ljósmyndaritgerða getur verið með ýmsum hætti (Marn og Roldn, 2010; Sensoy, 2011; Thompson og Williams, 2009). Í byrjun er alla jafna mikilvægt að hjálpa nemendum að átta sig á verkefninu með því að fara yfir greiningu á ljósmynd/um í kennslustund (til dæmis með því að nota dæmi úr grein eins og þessari). Því er hægt að fylgja eftir með því að láta nemendur taka ljósmynd, sem kennari velur, með sér heim í nokkra daga og biðja þá að velja fyrir sér spurningum eins og: hvert er umfjöllunar-efni ljósmyndarinnar? og hvaða merkingu hefur ljósmyndin? sem svo er hægt að ræða í kennslustund. Að því loknu fá nemendur tíma (nokkra daga eða vikur) til þess að taka ljósmyndir, annað hvort út frá fyrirfram gefnu þema frá kennara (sjá í Sensoy, 2011) eða út frá sínum eigin hugmyndum. Þegar nemendur eru búnir að taka ljósmyndirnar þá þurfa þeir að ákveða hvaða sögu þeir ætla að segja með þeim, skrifa upp ritgerðina innan þess hugmyndafræðilega eða kenningarlega ramma sem þeir hafa valið sér og skila ritgerðinni inn til kennara. Jafnframt er hægt að láta nemendur kynna viðfangsefni og greiningu ljósmyndanna fyrir samnemendum og kennara í kennslustund, sem ýtir undir umræður og þjálfar nemendur í að tjá sig í ræðu sem riti (sjá Marn og Roldn, 2010; Sensoy, 2011; Thompson og Williams, 2009).

Ljósmyndaritgerðir, eins og þeim er lýst hér, nýtast þó ekki aðeins við þjálfun skapandi hugsunar nemenda eins og fjallað er um hér að framan, heldur fléttast þær með einum eða öðrum hætti inn í flesta þá grunnþætti sem lagt er upp með í aðalnámskrá framhaldsskóla. Til að mynda geta slík verkefni stuðlað að: a) *heilbrigði og velferð*, þar sem nemendur efla félagslegt heilbrigði sitt með því að taka ábyrgð á sér og sínu umhverfi; b) *jafnrétti*, þar sem nemendur fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og skilja hvernig félagslegar formgerðir valda mismunun milli fólks í samfélaginu; c) *lýðræði og mannréttindum*, með því að auka meðvitund og virkni nemenda í að móta og hafa áhrif á samfélagið; d) *menntun til sjálfbærni*, með því að leggja fyrir viðfangsefni sem lúta að samspili

umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags þannig að nemendur læri að þekkja, skilja og virða umhverfi sitt og d) *læsi og tjáningu*, með því að gera nemendum kleift að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýnn hátt (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Forsendur þess að setja nemendum fyrir ljósmyndaritgerðir sem þessar eru í fullu samræmi við grunnþætti aðalnámskrár og geta hjálpað kennurum að ná markmiðum um fjölbreytta kennsluhætti og margvíslega hæfni nemenda.

Með vinnu nemenda að ritgerðum sem þessum er allt í senn gert ráð fyrir að þeir greini eigið hversdagslíf út frá tækjum og tólum félagsfræðinnar og öðlist með því betri skilning á nærumhverfi sínu, sinni hluta námsins utan skólastofunnar og þurfi að beita skapandi hugsun með myndavélina að vopni. Ég hef sjálfur beitt slíkum kennsluáðferðum í háskólakennslu og látið nemendur gera ljósmyndaritgerðir út frá þeirra eigin ljósmyndum. Reynsla mín af slíkum verkefnum er mjög jákvæð þar sem nemendur hafa sýnt einstaka hugmyndaauðgi í fjölbreyttum, innihaldsríkum og oft persónulegum verkefnum. Sumir nemendur áttu þó í upphafi erfitt með að gera sér grein fyrir tilgangi og aðferð við gerð slíkra ritgerða – sem bendir kannski til takmarkaðrar reynslu af slíkum verkefnum af fyrri skólastigum. Almenn ánægja hefur þó verið með ljósmyndaritgerðirnar meðal nemenda. Þeim hefur þótt það skemmtilegt að gera öðruvísi verkefni en þeir hafa gert áður, og fundist ritgerðarvinnan hjálpa sér að öðlast félagsfræðilegt innsæi í ýmsa þætti samfélagsins, sem þeir hafa ekki áður veitt athygli.

MARKMIÐ OG AÐFERÐ

Megintilgangur þessarar greinar er að kynna sjónarhorn og aðferðafræði sjónrænnar félagsfræði og vekja athygli á því hvernig nýta má ljósmyndaritgerðir til að þróa og þjálfra félagsfræðilegt innsæi nemenda á efri skólastigum (unglingastigi grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla), með hliðsjón af meginmarkmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015). Hér á eftir mun ég beita félagsfræðilegu innsæi á fjórar af mínum eigin ljósmyndum og greina þær út frá mismunandi kenningarskólum og félagsfræðilegum þeimum til að sýna dæmi um það hvernig slík greining fer fram. Nánar tiltekið leitast ég við að beita félagsfræðilegu innsæi við greiningu á ljósmyndunum með það að markmiði að kynna lesandanum fjölbreyttar leiðir til að sjá og skynja samspil einstaklinga og samfélags.

Greiningin er byggð á þeim fjórum þeimum sem Sutherland og Feltey (2013) leggja til við félagsfræðilega greiningu á sjónrænum miðlum, en þau eru: félagslegar stofnanir (e. institutions), óréttlæti (e. inequality), samskipti (e. interaction), og sjálfsmynd (e. identity). Hver myndanna endurspeglar eitt þessara þema. Ég mun enn fremur ramma myndirnar inn í ákveðnar samfélagsgerðir sem túlkaðar eru út frá ljósmyndunum, en þær eru: samfélag auðmagns (e. capitalist society), samfélag neyslu (e. consumer society), samfélag tæknivæðingar (e. technological society) og samfélag venjuleikans (e. normal society). Hver og ein mynd á því að sýna áhorfandanum einhvers konar birtingarmynd veruleikans, sem ég set fram út frá mínu eigin félagsfræðilega innsæi um ákveðna þætti samfélagsins byggða á fyrrnefndum samfélagsgerðum. Fyrstu þrjár myndirnar taka fyrir hinn stærri félagsheim sem umlykur okkur dagsdaglega (e. macro) en fjórða og síðasta

myndin gefur okkur innsýn í líf einstaklings þar sem þar eru tekin fyrir áhrif félagsheimsins á líf hans og líðan eins og við sjáum einstaklinginn bak við tjöldin (e. micro).

Það skal að lokum tekið fram að engin þeirra mynda sem ég nota hér er uppstillt. Þær fanga allar raunveruleg augnablik og ekki hefur verið átt við þær á neinn hátt fyrir utan það að þær voru gerðar svarthvítar og að rammi myndar 3 var minnkaður til að setja viðfangsefni myndarinnar í forgrunn. Myndir 1 og 3 voru teknar í Chicago í Bandaríkjunum í október 2017. Mynd 2 var tekin í Garðabæ í desember 2017, og mynd 4 var tekin í Garðabæ í febrúar 2019.

Að lokum er vert að benda á að sem félagsfræðingur og áhugamaður um ljósmyndun leitast ég ekki einungis eftir því að fanga einhvers konar sannleika þegar ég tek ljósmyndir heldur leitast ég einnig við að myndformið lúti fagurfræðilegum forsendum. Myndir 1 og 4 hér eru til dæmis tilraunir til þess. Sú aðferð er þó á engan hátt forsenda félagsfræðilegra greininga á ljósmyndum.

FÉLAGSFRÆÐILEG GREINING Á LJÓSMYNDUM

I. Félagslegar stofnanir í samfélagi auðmagnsins

Fyrsta greiningarþema Sutherland og Feltey (2013) tekur fyrir félagslegar stofnanir samfélagsins. Félagslegar stofnanir, eins og fjölskyldan, trúarbrögðin og vinnumarkaðurinn, eru hluti af hinni stærri formgerð samfélaga sem mótar einstaklinga og hópa og veita þeim ýmist tækifæri til að komast áfram í lífinu eða setja þeim skorður.

Mynd 1 er ætlað að lýsa nútímaborgarsamfélagi. Hún er tekin í Chicago í Bandaríkjunum og endurspeglar sérstaklega þá félagslegu og efnahagslegu lagskiptingu samfélagsins sem hefur orðið mörgum fræðimönnum að umfjöllunarefni (sjá t.d. Castells, 1983) og má greina myndina eftir þremur lögum stétta- og lagskiptingar. Sennett (2019) heldur því fram að borgir séu byggðar upp með þeim hætti að fólk sé hólfað niður á ákveðnum svæðum til að hindra samskipti þess við fólk sem er því ólíkt og forðast þannig vandræði. Á ljósmyndinni má sjá hvernig hin efnislega bygging borgarsamfélagsins hefur mótað stéttaskiptingu þess.

Í fyrsta lagi endurspeglar neðsta lag myndarinnar heim þeirra lægst settu í samfélaginu. Þeir eru á botninum, lifa og hrærast í dimmum skúmaskotum, í skuggasundum stórborgarinnar. Þetta er hættulegur heimur þar sem þeir sem best standa í þessu neðsta þrepi samfélagsins vinna líkamleg störf, í kringum vinnuvélar og gaskúta. Þetta fólk stendur jafnframt frammi fyrir stórum hindrunum. Það er erfitt ef ekki ómögulegt að losna úr fátækt. Gáminn á miðri götunni má þannig túlka sem tákni fyrir hindranir í vegi þeirra lægst settu. Þeir eru hólfaðir inni og komast ekki svo glatt leiðar sinnar, en það er dæmi um hvernig ytri formgerð samfélagsins virkar sem óyfírstíganleg hindrun sem viðheldur lagskiptingu samfélagsins. Ruslagámurinn á hægri hönd minnir áhorfandann einnig á að sumir þurfa að leita sér matar og/eða annarra nauðsynja í slíkum gámum, en aðrir þurfa aðeins að lifa með ólyktinni og óþrifnaðinum.

Miðlag myndarinnar er táknrænt fyrir fjölmennasta hóp samfélagsins, almenning sem er fluttur í stálhólkum úr úthverfunum til að vinna fyrir kapitalismann í miðborginni. Hinn

almenni borgari hefur það betra en þeir sem eru fyrir neðan hann, hann er að nokkru leyti kominn úr skugganum. Almennungur býr jafnan við mikið áreiti í borgarsamfélagi (Simmel, 1950) og þrængsli, svo sem í lestum stórborga. Samskipti fólks einkennast því af ópersónulegum tengslum, því sem Goffman (1972) kallaði „borgaralegt eftirtektarleysi“ (e. civil inattention). Borgararnir eiga því ekki í beinum samskiptum, heldur fara um án þess að veita hver öðrum sérstaka athygli eða tengjast öðrum persónulegum eða tilfinningalegum böndum. Almennungur er í þessu samhengi „andlitslaus“ og venjulegur. Ljósmyndin varpar einnig ljósi á það sem Sennett (2019) talar um sem tvö megineinkenni borga. Annað einkennið er daglegur lífsmáti fólks í borgum sem endurspeglast í lestarferðum almennings og hins vegar felast einkenni borga í hinni efnislegu byggingu þeirra, sem aftur endurspeglast í skýjakljúfum kapítalismans.

Efsta lag myndarinnar sýnir sigurvegara samfélagsins. Kapítalistarnir tróna á toppi samfélagsins þar sem þeir reisa sér glansandi skýjakljúfa – sem eru þáttur í uppbyggingu miðborga (e. gentrification) (sbr. Suchar, 1988) – minnismerki sem undirstrika völd þeirra í samfélaginu (Castells, 1983; Cousins, 2017; Sennett, 2019). Þessar stóru og miklu byggingar eru oft eins og reðurtákn í lögun, í anda Freuds (sjá Castells, 1983; Cousins, 2017). Samkeppni kapítalista við aðra kapítalista liggur í innsta eðli kapítalismans og því þurfa nýbyggingar þeirra að vera stærri og glæsilegri en þær sem næst þeim standa. En þó að bygging kapítalistans sé glæsilegt mannvirki virkar hún köld og fráhrindandi, klædd stáli, speglum og gleri. Með því að merkja skýjakljúfann nafni kapítalistans, í þessu tilfalli *Trump*, eru einnig send sterk skilaboð til samfélagsins. Skilaboð um að kapítalisminn sé kerfi sem byggist fyrst og fremst á verðleikum einstaklinga (e. meritism).



Mynd 1. Sigur kapítalismans

Með öðrum orðum eru skilaboð kapítalismans þau að (sýnilegur) árangur kapítalístanna sé tilkominn fyrir dugnað og klókinni þeirra sem tróna á toppnum, en í leiðinni fennir yfir þær hugmyndir að þeir hafi fengið einhvers konar forskot á aðra til að koma sér á topp samfélagsins, hvort sem er í formi stéttaskiptingar, fyrirgreiðslu eða vinatengsla (Bourdieu, 1977). Slíkar hugmyndir um verðleika einstaklinga eru svo jafnframt nýttar til að réttlæta ofurlaun forstjóra og forráðamanna slíkra fyrirtækja.

Þar sem skýjakljúfarnir ná hærra til himins en gengur og gerist með aðrar byggingar í samfélaginu geta þeir sem þar halda sig horft niður á alla hina. Kapítalisminn getur með þessu móti fylgst með borgurunum, innan við speglaglerið. Foucault (1975) hefur í þessu sambandi talað um hvernig ráðandi aðilar nýta yfirburði sína til að hafa eftirlit með borgurunum í gegnum „alsæisbyggingar“ (e. panopticon) þar sem borgararnir vita aldrei hvort verið er að fylgjast með þeim eða ekki. Byggingar kapítalístanna verða því þáttur í félagslegu taumhaldi ráðandi stétta á borgurunum. Skýjakljúfarnir varpa enn fremur skugga á allt sem lægra stendur (Cousins, 2017; Zorbaugh, 1929) og mynda þannig tvo mismunandi heima; annar er bjartur og veitir sýn til allra átta en hinn er dimmur og þröngur. Myndin minnir á ádeilu Fritz Lang á kapítalismann í kvikmyndinni *Metropolis* (frá 1927). Á svipuðum nótum má svo einnig benda á líkindi með nafninu Trump og „triumph“ þannig að myndin endurspeglar sigur og yfirráð kapítalismans í borgarsamfélagi nútímans.

Greining myndarinnar hér að ofan byggist fyrst og fremst á gagnrýnu sjónarhorni átakakenninga (e. conflict theories) á kapítalískt hagkerfi. Myndin endurspeglar félagslega lagskiptingu samfélagsins með því að veita áhorfandanum innsýn í lífsmáta og efnislega byggingu stórborgar. Hún endurspeglar samfélag auðmagnsins þar sem kapítalístarnir ríkja yfir samfélaginu á kostnað annarra borgara – sem virka í þessu samhengi eins og maurar sem ómeðvitað vinna á fullu við að viðhalda kerfinu sem skapar lagskiptinguna sem þeir eru fastir í. Lagskiptingin virðist óumbreytanleg og ljósmyndin getur hjálpað áhorfandanum að skilja áhrif lagskiptingar á tækifæri og lífsmáta borgaranna.

II. Félagslegt óréttlæti í samfélagi neyslunnar

Annað greiningarþemað fjallar um félagslegt óréttlæti. Félagslegt óréttlæti getur verið margs konar en hér á eftir verður fjallað um það óréttlæti sem varðar aðgengi að gæðum lífsins.

Vesturlönd eru neylusamfélög (Baudrillard, 1998; Schor og Holt, 2000). Hagkerfi þeirra gengur út á neyslu þar sem almenningur (neytendur) er vélaður til kaupa og neyslu sem hann hefur jafnvel enga sérstaka þörf fyrir (Schor og Holt, 2000; Trentmann, 2016). Á meðan fólk í vestrænum velmegunarsamfélögum neytir sífellt umfram þarfir dregur úr neyslu í þriðja heims ríkjum (Giddens og Sutton, 2013). Neysluhyggjan hefur því leitt af sér enn frekari ójöfnuð í heiminum þar sem sumir lifa við ofgnótt en stórir hópar búa við atvinnuleysi, sárafátækt, almennan skort og jafnvel hungursneyð. Þessi þróun er að einhverju leyti byggð á uppgangi þess sem Marcuse (1964) kallaði „gerviþarfir“ (e. false needs).

Mynd 2 sýnir vestrænt neylusamfélag sem einkennist bæði af því að þar líður fólk almennt ekki skort og að þar neyta margir mun meira en þeir hafa þörf fyrir. Myndin sýnir eftirmála jólahalds á íslensku heimili. Fjölskyldan hefur lokið við að taka upp pakkana á

aðfangadagskvöld, heimilisfólkið hefur yfirgefið hið sameiginlega rými – farið að neyta jólagjafanna hvert í sínu horni. Eftir stendur nokkurs konar vígvöllur; ofgnótt af tónum umbúðum, pappa, plasti og drykkjarföngum. Aðrir leikmunir í landslagi myndarinnar benda einnig til velmegunar, svo sem stór plasma-sjónvarpskjár, arinn og hönnunarstóll með gæru. Þetta eru meira og minna hlutir sem stór hluti jarðarbúa hefur lítil sem engin tök á að eignast og neyta.



Mynd 2. Gerviparfir

En hvað er það sem fær fólk í neylusamfélögum til að kaupa ofgnótt af öllu, og hluti sem það hefur enga raunverulega þörf fyrir? Ástæður þessarar ofneyslu eru væntanlega ýmsar. Í fyrsta lagi hefur verið bent á að við kaupum eitt og annað til að styrkja stöðu okkar meðal samborgaranna (Bourdieu, 1984; Dittmar, 2008; Veblen, 1899/1970). Samanburður okkar við aðra skiptir okkur miklu máli og í því sambandi er neysla merki um velgengni sem við nýtum okkur sem stöðutákn meðal samborgaranna – hugtakið „afstæð fátækt“ þar sem fólk í velmegunarsamfélögum ber sig fyrst og fremst saman við aðra í kringum sig frekar en við þá sem glíma við raunverulega fátækt á þar vel við. Daglegt líf okkar stjórnast einnig af þeim venjum sem fólk í vestrænum velmegunarsamfélögum hefur til einkað sér og því er slíkur neyslulífsstíll talinn sjálfsgæður (Blue, 2017). Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til markaðsaflanna og þeirrar auglýsingamennsku sem dynur á okkur úr öllum áttum og hefur skapað þessar gerviparfir sem leið til að kaupa hamingju (Blue, 2017; Marcuse, 1964). Og við kaupum líka of mikið vegna samviskubits (Burnett og Lunsford, 1994). Til að mynda kann það að vera að við foreldrar kaupum of mikið af hinu og þessu fyrir börnin okkar vegna sektarkenndar yfir því að hafa ekki sinnt þeim sem skyldi.

Sektarkennd foreldra vegna brotinna fjölskyldna og mikillar vinnu – til að hafa ráð á allri neyslunni – kann því að magna ofneysluna sem birtist í jólapakkaflóðinu og móta síðan lífsstíl barna okkar um langan tíma. Fleira kemur þó ábyggilega til.

En myndin sendir einnig þau skilaboð að ein afleiðing ofneyslunnar er úrgangurinn (Baudrillard, 1998; Bell, 2011). Á myndinni má sjá alls kyns umbúðir, svo sem utan af alþjóðlegri merkjavöru (Nike) sem flutt hefur verið í skipsgámum frá framleiðslulöndum í Asíu alla leið til Íslands. Evans (2012) heldur því til dæmis fram, í tengslum við matarsóun, að það sé ekki eingöngu ofneyslan sem skapi úrganginn heldur verði einnig að huga að breyttum lífsmáta borgaranna. Hraði nútímasamfélagsins kallar til að mynda á breyttar matarvenjur og hefðir, breytt fjölskyldutengsl og aðra verkaskiptingu heimilisins og það hefur í för með sér ákveðið skipulagsleysi sem meðal annars leiðir til aukins úrgangs og sóunar (Evans, 2012). Myndin kallar því á spurningar eins og: Hvað verður um allt ruslið? Hvað gerir þessi neyslulífsstíll jörðinni okkar?

Mynd 2 veitir innsýn í samfélag neyslunnar, fyrst og fremst út frá gagnrýnu sjónarhorni áttakakenninga (e. conflict theories) og póst-móðernískum hugmyndum, og endurspeglar ofgnótt og sóun fólks í vestrænum nútímasamfélögum. Dæmið um jólahald á Íslandi – sem er nokkurs konar stórhátið ofneyslunnar – varpar þannig ljósi á það að meðan margir neyta mun meira en þeir þurfa, til að svala einhvers konar gervipörfum, eru aðrir sem búa við mikinn skort og vesöld. Óréttlætið sem myndin á að endurspegla felst í því að lítill hluti mannkyns neytir meira en hann þarf – með ófyrirséðum afleiðingum – en stór hluti mannkyns stendur eftir með raunverulegar og ófullnægðar þarfir (Baudrillard, 1998). Við hugsum þó alla jafna ekkert út í þessa misskiptingu gæðanna, þessa ofgnótt og afleiðingar hennar. Við höfum í því sambandi kannski tileinkað okkur ákveðið gagnrýnisleysi, sem Marcuse (1964) kallaði „sjónarhorn hins einvíða manns“ (e. one dimensional man). Ljósmyndin getur vakið áhorfandann til umhugsunar um að ofneyslan hefur ekki einungis aukið ójöfnuð í heiminum heldur má einnig halda því fram, miðað við ruslið og umbúðirnar, að hún hafi eyðileggjandi áhrif á jörðina okkar. Myndin getur þannig hvatt áhorfandann til aðgerða. Á henni má sjá glitta í plötuumslag *Comes a Time* með Neil Young (1978). Texti titillagsins minnir okkur kannski á að staldra svolítið við, jafnvel til að hugsa um ofneysluna, umbúðirnar, jörðina og sóunina ...

Oh, this old world
keeps spinning round
It's a wonder tall trees
ain't layin' down
There comes a time

III. Félagsleg samskipti í samfélagi tæknivæðingar

Þriðja greiningarþemað fjallar um félagsleg samskipti. Öll eigum við í einhvers konar félagslegum samskiptum frá degi til dags og þau eru uppistaða dagsleg lífs og samfélagsins í heild (Henrich, 2016). Félagsleg samskipti geta verið margs konar og sjónrænir miðlar geta bæði sýnt okkur virk samskipti og skort á samskiptum.

Nútímasamfélag einkennist af miklum og hröðum tæknibreytingum þar sem yngri kynslóðirnar eru á heimavelli en þær elstu eiga erfiðara með að fóta sig í tæknivæddum

heimi og eiga jafnvel á hættu að verða úreltar í samfélagi slíkra örra breytinga og upplifa siðrof (e. anomie) (sjá Durkheim, 1938; Þórólf Þórlindsson, 2012). Yngri kynslóðirnar alast upp við að nota nýmiðla sem byggjast á einstaklingsmiðaðri notkun og minni félagslegum tengslum í raunheimum en því meiri tengslum í netheimum (Kujath, 2011). Það má einnig halda því fram að með hnignun hefðbundinna félagslegra stofnana samfélagsins eins og kjarnafjölskyldunnar og trúarbragða, sem hafa í gegnum aldirnar stuðlað að félagslegum tengslum borgaranna, hafi fjarað undan þeim samfélagsöflum og tækifærum sem stuðla að félagslegum samskiptum fólks; þessum sameiginlegu athöfnum fólks í raunheimum. En hvernig er þá tengslum þeirra yngri og eldri háttað undir þessum kringumstæðum nútímasamfélagsins, þar sem þeir lifa og hrærast annars vegar í tækniheimum og hins vegar í raunheimum?



Mynd 3. Félagstengsl kynslóða

Mynd 3 fjallar um hvernig íþróttir geta skapað mikilvægt félagslegt atferli sem getur haft jákvæð áhrif á samskipti kynslóða, sérstaklega í tæknivæddu nútímasamfélagi. Hún sýnir hvernig íþróttir hafa að vissu leyti tekið við því hlutverki, sem trúarbrögðin sinntu áður fyrr, að sameina kynslóðirnar (Birrell, 1981; Viðar Halldórsson, 2020). Myndin, sem tekin var fyrir utan leikvöll bandaríska hafnaboltaliðsins Chicago Cubs, sýnir hvernig nokkrar kynslóðir, væntanlega afinn, þabbinn og sonarsonurinn, ná saman í gegnum sameiginlegt áhugamál: íþróttir. Íþróttir eru eins konar alþjóðlegt tungumál sem tengir saman

kynslóðir, og það í mun meiri mæli en mörg önnur afþreying nútímasamfélaga. Tónlist, kvikmyndir, sjónvarpsþættir og tísku lúta öðrum lögmálum. Í slíkum listum og afþreyingu verða meiri og skarpari skil milli kynslóða, þar sem þeir yngri afneita jafnan því sem þeir eldri hafa mætur á og skapa sér sinn eigin smekk og sína eigin tísku, sem verður að vera öðruvísi en þeir eldri aðhyllast (Storey, 2012). Þetta á aftur á móti síður við í íþróttunum. Áhugi á íþróttum liggur gjarnan innan fjölskyldna og smitast milli kynslóða þar sem ungir sem aldnir geta horft á sama íþróttaviðburðinn, haldið með sama liðinu og upplifað sömu tilfinningar, sameiginlega (Coakley, 2009).

Frá sjónarhorni feminískra kenninga má einnig benda á að þrír ættliðir í karlegg á myndinni segja þá sögu að íþróttir hafa fyrst og fremst verið fyrir karla, frekar en konur (Coakley, 2009). Íþróttir gegna veigameira hlutverki í félagsmótun drengja en stúlkna. Drengir eru líka mun líklegri til að taka þátt í íþróttum en stúlkur, hvort sem er hér á landi eða erlendis, og þeir eru einnig líklegri til að verða áhagendur íþróttaliða og almennt horfa á og neyta íþróttu (Coakley, 2009; Viðar Halldórsson, 2019). Í Bandaríkjunum, þar sem myndin er tekin, hefur hafnabolti gegnt sérstaklega stóru hlutverki í félagsmótun drengja þar sem þeir eiga að læra mikilvæg og uppbyggileg bandarísk gildi af feðrum sínum og öfum, í gegnum íþróttir (Fine, 1987).

Ljósmyndin er einnig dæmigerð fyrir atferli millistéttarfólks sem elur börn sín upp í íþróttum. Hún endurspeglar í senn draum ungu kynslóðarinnar um að feta í fótspor hetjanna sinna í íþróttunum og þabans um að láta þann draum rætast (Fine, 1987). Strákurinn er til að mynda klæddur búningi liðsins frá toppi til tóar, eins og hann sé tilbúinn að taka þátt í leiknum, og þabinn tekur þátt með því að vera í treyju og með derhúfu liðsins og virkar þannig sem mótandi fyrirmynd drengsins í íþróttunum. Afinn er aftur á móti borgaralega klæddur. Hann hefur væntanlega verið íþróttalega sinnaður, þar sem áhugi á íþróttum gengur jafnan í ættir, en hefur svo þroskast frá því að vera í búningi liðsins eftir því sem á leið. Hann heldur aftur á móti á spjaldi sem segir „alvöru stuðningsmenn“ (e. authentic fans) sem merki um langa sögu hans og fjölskyldunnar sem stuðningsmanna félagsins. Spjaldið endurspeglar einnig mikilvægi þess fyrir okkur mannfólkið að tengjast og tilheyra einhverju stærra og meira en gengur og gerist dagsdaglega og færa það áfram milli kynslóða (Henrich, 2016). Með þessu móti verða íþróttalið, eins og Chicago Cubs, að einhvers konar merkingarbærum samnefnara kynslóðanna.

Loks má einnig sjá að afinn, þabinn og strákurinn hafa stillt sér upp fyrir myndatöku fyrir framan leikvöllinn. Til þess að skapa minningar viljum við gjarnan festa augnablikin á mynd (Sontag, 1977). Og það eru einmitt þessi augnablik sem geymast svo sem minningar um þessa sameiginlegu atburði, þessar fjölskylduathafnir, þessi tengsl kynslóðanna. Þó svo að tæknivæðingin marki kannski skil milli kynslóða hefur hún auðveldað okkur að festa minningar þeirra í varanlegt form, sem örskot (e. snapshot) af veruleikanum eins og hann var á einhverju augnabliki í fortíðinni.

Ljósmyndin varpar ljósi á samfélag tæknivæðingar, fyrst og fremst út frá virknikenningum (e. functionalist theories), og lagt er upp með að örar tæknibreytingar (snjalltæknin) móti atferli kynslóðanna með misjöfnum hætti og myndi gjá milli þeirra sem eldri eru og þeirra yngri. Þannig sitja eldri kynslóðir eftir í notkun tækninnar á meðan þær yngri lifa og hrærast í tæknivæddum hversdagsleika. Ljósmyndin vekur okkur þannig til umhugsunar um að undir slíkum kringumstæðum verða sameiginlegir atburðir kynslóðanna, eins og

sá sem birtist á myndinni, því kannski sjaldgæfari og um leið dýrmætari en áður. Íþróttarinnar geta þannig skapað atburði sem veita tækifæri til þess að tengja fólk af ólíkum kynslóðum, og af ólíkri stétt og stöðu, í rauntíma, og geta því gegnt mikilvægu sameiningarhlutverki í nútímasamfélagi (Viðar Halldórsson, 2020).

IV. Sjálfsmynd í samfélagi venjuleikans

Fjórða og síðasta greiningarþemað snýr að sjálfsmyndinni. Hvernig mótast sjálfsmynd einstaklinga, hvaða máli skiptir sjálfsmyndin okkur, og síðast en ekki síst hvað gerist þegar sjálfsmynd okkar breytist og bíður hnekki? Þessi síðasta greining er ólík hinum fyrri þar sem hún tekur fyrir upplifun einstaklings af hinni stærri félagsgerð í samfélagi venjuleikans.

Sjálfsmynd okkar er það sem gerir okkur að þeim einstaklingum sem við erum. Hún er staðfesting á útliti okkar og stíl og skiptir okkur miklu máli í félagslegum samskiptum. Fólk reynir því að viðhalda sinni ákjósanlegu sjálfsmynd með því að hegða sér á viðeigandi hátt þegar það á í félagslegum samskiptum við aðra, og gætir þess að líta vel út með því að klæða sig á viðeigandi hátt, farða sig og snyrta hár sitt (Goffman, 1959). Viðurkenning annarra á okkur sjálfum er okkur mjög mikilvæg. Það getur því reynst fólk erfitt þegar sjálfsmyndin breytist og bíður hnekki, eins og við illt umtal, einhvers konar félagslega stimulun eða við sjáanleg veikindi (Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2010; Spence, 1986).

Samtal okkar við okkur sjálf er lykillinn að sjálfsmyndinni (Athens, 1994; Mead, 1934). Í slíku sjálfstali takast á tvö sjónarmið; okkar innri kjarni sem endurspeglar hver við raunverulega erum, innst inni, og hugmyndir okkar um skoðanir annarra á því hvernig við erum og eigum að hegða okkur. Sjálfið er því félagslega mótað (Mead, 1934). Það má í þessu samhengi nota leikhúskenningu Goffmans (1959) sem myndlíkingu, þar sem daglegt líf okkar snýst annars vegar um það hvernig við komum fyrir og hegðum okkur ein með sjálfum okkur, baksviðs, og hins vegar hvernig við komum fram og hegðum okkur frammi fyrir áhorfendum, á leiksviði hins daglega lífs (Goffman, 1959). Viðbrögð áhorfenda hafa sterk áhrif á mótun sjálfsmyndar hjá fólk.

Mynd 4 sýnir konu sem undirgekkst krabbameinsmeðferð. Hún missti öll líkamshár og þar með hár á höfði, augnhár og augabrúnir. Það hafði veruleg áhrif á útlit hennar og þar með á sjálfmynd hennar. Rannsóknir á kvenkyns krabbameinssjúklingum hafa sýnt að konum sem ganga í gegnum krabbameinsmeðferðir finnst jafnvel erfiðara að glíma við breytta og verri sjálfsmynd, sem ákvarðast af breyttu útliti og svipleysi vegna hárleysis, en við sjúkdóminn sjálfan (Rosman, 2004; Spence, 1986).

Jafnframt endurspeglar ljósmyndin þessa tvo heima, baksviðs og á sviðinu. Hér er konan heima, baksviðs, og virðir fyrir sér framandi sjálfsmyndina í speglinum eftir að hafa þurft að raka af sér hárið vegna krabbameinsmeðferðar. Annars vegar sýnir myndin mjúka, hlýja og fallega húð á handlegg konunnar, sem hún ber að öllu jöfnu sem hluta af sinni vanalegu og sýnilegu sjálfsmynd. Hins vegar sýnir myndin hrufótt og kalt höfuðið, sem hefur verið hulið hári þar til nú. Handleggurinn tilheyrir yfirborðinu á líkama konunnar, og er sjáanlegur dagsdaglega, en rakað höfuðið er það ekki. Nakið höfuðið endurspeglar því það sem að öllu jöfnu er baksviðs og á ekki að vera sýnilegt öðrum. Opinberun þess sem vanalega er baksviðs gerir það að verkum að konur sem gangast undir krabbameinsmeðferð,

og missa hárið af þeim sökum, kunna því yfirleitt illa að áhorfendur sjái hvernig umhorfs er baksviðs (Spence, 1986). Þær verða óvenjulegar í augum annarra og upplifa því lævisari athygli almennings en áður, og skynja auknar augngotur og umtal. Af þeim sökum hylja konur sem berjast við krabbamein, oftast höfuð sitt með klútum eða hárkollum þegar þær eru úti á meðal fólks (Rosman, 2004).



Mynd 4. Bak við tjöldin

Ljósmyndin sýnir einnig sálarangist konunnar vegna þessarar nýju stöðu. Líkamstjáning hennar gefur til kynna að hún sé óörugg með þetta nýja hlutskipti sitt. Það hvernig konan lítur niður og felur höfuð sitt í lófanum bendir til þess að henni líði ekki vel. Líkamsstillingin og einkennileg staða handarinnar gefa einnig til kynna að hún sé ekki hún sjálf, hún sé óörugg. Óöryggi vegna brotinnar sjálfsmýndar getur aukið streitu og leitt til vanlíðunar, kvíða og þunglyndis (Athens, 1994; Thoits, 2012; Viðar Halldórsson og Katovich, 2019). Fólk með brotna sjálfsmýnd á því oft erfitt með að taka þátt í félagslegum samskiptum og er gjarnt á að halda sig til hlés og loka sig af (Lee og Robbins, 1998).

Ljósmyndin veitir innsýn í heim krabbameinssjúklings, á bak við tjöldin, út frá sjónarhorni samskiptakenninga (e. symbolic interactionist theories). Hún segir okkur þá sögu að baksviðs sé líf sjúklingsins ekki einungis erfitt sjúkdómsins vegna heldur kannski ekki síður vegna þeirra áhrifa sem hann kann að hafa á útlit viðkomandi og vegna ætlaðra viðbragða annarra við þessari breyttu framsetningu sjálfsins. En þetta er því miður sá veruleiki sem fjöldi fólks glímur við á hverjum degi, á bak við tjöldin. Það að skyggjast bak við tjöldin með þessum hætti gefur áhorfandanum tækifæri til að setja sig í spor sjúklingsins og skynja óöryggi hans vegna hinnar nýju og framandi sjálfsmýndar og það hvernig viðmót

almennings veldur sjúklingnum jafnvel meiri vanlíðan en meinið sjálft. Ljósmyndin fær þannig áhorfandann til að íhuga skilningsleysi fólks á upplifun krabbameinssjúklinga af félagslegum samskiptum og samanburði, sem og annarra sem eru af einhverjum ástæðum öðruvísi en aðrir.

UMRÆÐA

Meginmarkmið kennslu í félagsfræði er að hjálpa nemendum að verða læsir á samfélagið með það að leiðarljósi að þeir tileinki sér félagsfræðilegt innsæi. Í þessari grein hef ég, með því að greina fjórar af mínum eigin ljósmyndum, leitast við að sýna fram á hvernig hægt er að nýta sjónræna félagsfræði til að þróa og þjálfra félagsfræðilegt innsæi, þ.e. þá færni einstaklingsins að skilja hvernig félagsheimurinn virkar með því að skoða og greina það sem fyrir augu ber út frá ýmsum sjónarhornum félagsfræðinnar. Ég hef sérstaklega haldið því fram hér að framan að gerð ljósmyndaritgerða sé heppileg leið til þess að hjálpa nemendum að verða læsir á samfélagið þar sem slík ritgerðarvinna fellur undir mörg þau markmið sem sett eru fram í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015). Ég hef enn fremur lagt áherslu á að ljósmyndaritgerðir sem byggjast á því að nemendur taki sjálfir ljósmyndir – frekar en að greina fyrirliggjandi ljósmyndir – og greini þær út frá hugmyndum, hugtökum og kenningum félagsfræðinnar séu sérstaklega heppilegar til að efla félagsfræðilegt innsæi nemenda í samfélagið. Með slíkum ritgerðum má enn fremur ná víðtækari markmiðum í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla en með greiningu fyrirliggjandi ljósmynda, eins og að bjóða nemendum upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og láta reyna á sjálfræði, sjálfstjórn og sköpunarkraft nemenda, innan sem utan veggja skólastofunnar (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, 2015).

Ljósmyndirnar fjórar sem greindar eru hér að framan eru teknar sem dæmi um það hvernig sjónræn félagsfræði getur nýst til að hjálpa nemendum að greina þá heima sem á vegi þeirra verða. Í gegnum slíka greiningu gefst áhorfandanum færi á að sjá birtingarmyndir hinna ýmsu kima og málefna samfélagsins frá félagsfræðilegu sjónarhorni og þar með öðlast dýrmæta innsýn í samfélagsgerðina. Ljósmyndirnar hér að framan eiga það sameiginlegt að endurspegla stærri samfélagsgerðir sem við erum öll þátttakendur í með einum eða öðrum hætti – en gerum okkur ekki endilega grein fyrir að öllu jöfnu – sem og veita innsýn í ólíka félagsheima. Fyrstu þremur myndunum var þannig ætlað að veita innsýn í það hvernig félagslegar formgerðir móta og hafa áhrif á tækifæri fólks og athafnir í samfélaginu, en þeirri síðustu var ætlað að veita innsýn í hversdagslíf einstaklings sem verður fyrir áhrifum af samfélagsgerðinni sem umlykur einstaklinginn. Félagfræðileg greining ljósmynda, eins og dæmunum hér að framan er ætlað að sýna, getur þannig vakið nemendur til umhugsunar um þessi „ósýnilegu“ áhrif samfélagsins á líf einstaklinga og hópa, og afleiðingar þeirra (Becker, 1974; Durkheim, 1938). Það skal þó tekið fram að greiningin á myndunum hér að framan er einungis dæmi um hvað hægt er að lesa út úr ljósmyndum út frá félagsfræðilegu sjónarhorni (Becker, 1974). Aðrar túlkanir en þær sem ég setti fram hér að framan koma til greina og fara að einhverju leyti eftir því hvaða fræðilega sjónarhorn greinandinn tileinkar sér. Greiningin á ljósmyndunum er því fyrst og

fremst ætluð til að hjálpa lesandanum að skoða og velta vöngum yfir lífinu og tilverunni út frá hugtökum og kenningum félagsfræðinnar. Í gegnum ramma ljósmyndarinnar fáum við tækifæri til að staldra við, frysta augnablikin og læra að sjá lífið eins og það birtist okkur með þessar félagsfræðilegu hugmyndir í farteskinu (Heiferman, 2019). Með öðrum orðum: með greiningu ljósmynda fá nemendur tækifæri til að tengja fræðilegt námsefnið við hversdagslegan raunveruleikann.

Beiting ljósmynda (og hreyfimynda) getur, með þeim hætti sem lagt er upp með í þessari grein, reynst með ýmsu móti gagnleg í kennslu á efri skólastigum, eins og kemur fram hér að framan, meðal annars þar sem slíkar kennsluaðferðir miða að því að hjálpa nemendum að læra að horfa og sjá hversdagsveruleikann í gegnum „fræðileg gleraugu“ (Marn og Roldn, 2010; Sensoy, 2011; Thompson og Williams, 2009). Í framhaldi af slíkum verkefnum og greiningum í félagsfræðikennslu skólanna geta nemendur svo vonandi nýtt sér þær aðferðir sem hér hafa verið kynntar í hversdagslífnu utan skólans, og án mynda-vélarinnar. Með öðrum orðum: með því að veita nemendum fjölbreytt tækifæri, verkefni og margvíslegan vettvang til að nálgast viðfangsefni félagsfræðinnar út frá þeirra eigin lífi, áhuga og forsendum, geta skólar og kennarar uppfyllt meginmarkmið félagsfræðikennslu í skólakerfinu, sem miðar að því að hjálpa nemendum að verða læsir á samfélagið, þeim sjálfum og samfélaginu til heilla.

HEIMILDIR

- Aiello, G. og Parry, K. (2020). *Visual communication: Understanding images in media culture*. Los Angeles: SAGE.
- Anna Kristín Sigurðardóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir. (2018). Nemendamiðað náms-umhverfi: Hugmyndir framhaldsskólanemenda um kjöraðstæður til náms. *Netla – Vef-tímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.2>
- Athens, L. (1994). The self as soliloquy. *The Sociological Quarterly*, 35(3), 521–532.
- Baudrillard, J. (1998). *The consumer society: Myths and structures*. Los Angeles: SAGE.
- Becker, H. S. (1974). Photography and sociology. *Studies in Visual Communication*, 1(1), 3–26.
- Becker, H. S. (1995). Visual sociology, documentary photographs, and photojournalism: It's (almost) all a matter of context. *Visual Sociology*, 10(1–2), 5–14. <https://doi.org/10.1080/14725869508583745>
- Becker, H. S. (2007). *Telling about society*. Chicago: Chicago University Press.
- Bell, M. M. (2011). *An invitation to environmental sociology* (4. útgáfa). Thousand Oakes: SAGE.
- Birrell, S. (1981). Sport as ritual: Interpretations from Durkheim to Goffman. *Social Forces*, 60(2), 354–376. <https://doi.org/10.2307/2578440>
- Blue, S. (2017). The sociology of consumption. Í K. O. Korgen (ritstjóri), *The Cambridge handbook of sociology* (2. bindi, bls. 265–274). Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, P. (1977). *Outline of a theory of practice*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. Cambridge: Harvard University Press.
- Bourdieu, P. (1990). *Photography: A middle-brow art*. Stanford: Stanford University Press.
- Burnett, M. S. og Lunsford, D. A. (1994). Conceptualizing guilt in the consumer decision-making process. *Journal of Consumer Marketing*, 11(3), 33–43. <https://doi.org/10.1108/07363769410065454>
- Burton, C. E. (1988). Sociology and the feature film. *Teaching Sociology*, 16(3), 263–271. <https://doi.org/10.2307/1317528>
- Castells, M. (1983). *The city and the grass roots: A cross-cultural theory of urban social movements*. London: Edward Arnold.
- Coakley, J. (2009). *Sport in society: Issues and controversies* (10. útgáfa). Boston: McGraw-Hill.
- Cousins, M. (2017). *The story of looking*. Edinborg: Canongate.
- Demerath III, N. J. (1981). Through a double-crossed eye: Sociology and the movies. *Teaching Sociology*, 9(1), 69–82. <https://doi.org/10.2307/1317013>
- Dittmar, H. (2008). *Consumer culture, identity and well-being: The search for the “good life” and the “body perfect”*. Hove: Psychology Press.
- Dorothea Lange: The camera is an instrument that teaches people how to see without a camera. (e.d.). *She Shoots Film*. Sótt af <https://sheshootsfilm.photography/articles/dorothea-lange>
- Durkheim, É. (1938). *The rules of sociological method*. Chicago: University of Chicago Press.
- Eisen, D. B. (2012). Developing a critical lens: Using photography to teach sociology and create critical thinkers. *Teaching Sociology*, 40(4), 349–359. <https://doi.org/10.1177/0092055x12448322>
- Evans, D. (2012). Beyond the throwaway society: Ordinary domestic practice and a sociological approach to household food waste. *Sociology*, 46(1), 41–56. <https://doi.org/10.1177/0038038511416150>
- Fine, G. A. (1987). *With the boys: Little League baseball and preadolescent culture*. Chicago: University of Chicago Press.
- Foucault, M. (1975). *Discipline and punish: The birth of the prison*. New York: Pantheon Books.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Giddens, A. og Sutton, P. W. (2013). *Sociology* (7. útgáfa). Cambridge: Polity.
- Goffman, E. (1959). *The presentation of self in everyday life*. London: Penguin.
- Goffman, E. (1972). *Relations in public: Microstudies of the public order*. London: Penguin.
- Harper, D. (2002). Talking about pictures: A case for photo elicitation. *Visual Studies*, 17(1), 13–26. <https://doi.org/10.1080/14725860220137345>
- Heiferman, M. (2019). *Seeing science: How photography reveals the universe*. Baltimore: Aperture.
- Henrich, J. (2016). *The secret of our success: How culture is driving human evolution, domesticating our species and making us smarter*. Princeton: Princeton University Press.

- Ingibjörg Kaldalóns (2017). Hvað hindrar kennara í að styðja sjálfærði nemenda í skólastarfi? *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2017 – Menntakvika*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/004.pdf
- Ingvar Sigurgeirsson, Elsa Eiríksdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2018). Kennsluaðferðir í 130 kennslustundum í framhaldsskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/seritnetla.2019.9>
- Kaczmarek, J. (2008). Soziologischer Film: Theoretische und praktische Aspekte. *Forum: Qualitative Social Research, 9*(3).
- Kastan, D. S. og Farthing, S. (2018). *On color*. New Haven: Yale University Press.
- Katovich, M. A. (2011). Death becomes mead: Toward a radical interactionist reading of Million Dollar Baby. *Studies in Symbolic Interaction, 36*, 161–181. [https://doi.org/10.1108/s0163-2396\(2011\)0000036009](https://doi.org/10.1108/s0163-2396(2011)0000036009)
- Kujath, C. L. (2011). Facebook and MySpace: Complement or substitute for face-to-face interaction? *Cyberpsychology, Behavior, and Social Networking, 14*(1–2), 75–78. <https://doi.org/10.1089/cyber.2009.0311>
- Lee, R. M. og Robbins, S. B. (1998). The relationship between social connectedness and anxiety, self-esteem, and social identity. *Journal of Counseling Psychology, 45*(3), 338–345. <https://doi.org/10.1037/0022-0167.45.3.338>
- Livingston, K. (2004). Viewing popular films about mental illness through a sociological lens. *Teaching Sociology, 32*(1), 119–128. <https://doi.org/10.1177/0092055x0403200111>
- Marcuse, H. (1964). *One dimensional man: Studies in the ideology of advanced industrial society*. London: Abacus.
- Marien, M. W. (2014). *Photography: A cultural history* (4. útgáfa). London: Pearson.
- Marn, R. og Roldn, J. (2010). Photo essays and photographs in visual arts-based educational research. *International Journal of Education through Art, 6*(1), 7–23. https://doi.org/10.1386/eta.6.1.7_1
- Martinez, T. A. (1994). Popular music in the classroom: Teaching race, class, and gender with popular culture. *Teaching Sociology, 22*(3), 260–265. <https://doi.org/10.2307/1319141>
- Mead, G. H. (1934). *Mind, self, and society: From a standpoint of a social behaviorist*. Chicago: Chicago University Press.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti* (2. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.
- Mills, C. W. (1959). *The sociological imagination*. Oxford: Oxford University Press.
- Moskovich, Y. og Sharf, S. (2012). Using films as a tool for active learning in teaching sociology. *The Journal of Effective Teaching, 12*(1), 53–63.
- Mount, L. (2017). Teaching in unfamiliar terrain: Empowering student and teacher learning through a photography assignment. *Teaching Sociology, 46*(1), 54–61. <https://doi.org/10.1177/0092055x17725131>
- Peoples, K. og Helsel, S. (2013). Bridging the gap between theory and practice with film: How to use Fight Club to teach existential counseling theory and techniques. *Sage Open, 3*, 1–7. <https://doi.org/10.1177/2158244013497028>

- Prendergast, C. (1986). Cinema sociology: Cultivating the sociological imagination through popular film. *Teaching Sociology*, 14(4), 243–248. <https://doi.org/10.2307/1318381>
- Rose, G. (2016). *Visual methodologies: An introduction to researching with visual materials*. London: SAGE.
- Rosman, S. (2004). Cancer and stigma: Experience of patients with chemotherapy-induced alopecia. *Patient Education and Counseling*, 52(3), 333–339. [https://doi.org/10.1016/s0738-3991\(03\)00040-5](https://doi.org/10.1016/s0738-3991(03)00040-5)
- Scanlan, S. J. og Feinberg, S. L. (2000). The cartoon society: Using “The Simpsons” to teach and learn sociology. *Teaching Sociology*, 28(2), 127–139. <https://doi.org/10.2307/1319260>
- Schor, J. B. og Holt, D. B. (ritstjórar). (2000). *The consumer society reader*. New York: New Press.
- Sennett, R. (2019). *Building and dwelling: Ethics for the city*. London: Penguin.
- Sensoy, Ö. (2011). Picturing oppression: Seventh graders’ photo essays on racism, classism, and sexism. *International Journal of Qualitative Studies in Education*, 24(3), 323–342. <https://doi.org/10.1080/09518398.2011.561817>
- Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (2010). Fordómar og geðræn vandamál: Samanburður á þremur löndum. *Íslenska Þjóðfélagið*, 1(1), 69–94.
- Simmel, G. (1950). The metropolis and mental life. Í K. H. Wolff (ritstjóri), *The sociology of Georg Simmel* (bls. 409–420). New York: The Free Press.
- Smith, D. D. (1973). Teaching introductory sociology by film. *Teaching Sociology*, 1(1), 48–61. <https://doi.org/10.2307/1317333>
- Snyder, E. E. (1997). Teaching the sociology of sport: Using a comic strip in the classroom. *Teaching Sociology*, 25(3), 239–243. <https://doi.org/10.2307/1319401>
- Sontag, S. (1977). *On photography*. London: Penguin.
- Spence, J. (1986). *Putting myself in the picture: A political, personal and photographic autobiography*. London: Camden Press.
- Steinunn Gestsdóttir. (2012). Sjálfstjórnun barna og ungmenna: Staða þekkingar og þýðing fyrir skólastarf. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 19–41.
- Storey, J. (2012). *Cultural theory and popular culture: An introduction*. Harlow: Pearson.
- Suchar, C. S. (1988). Photographing the changing material culture of a gentrified community. *Visual Sociology*, 3(2), 17–21. <https://doi.org/10.1080/14725868808583618>
- Sutherland, J.-A. og Feltey K. (ritstjórar). (2013). *Cinematic society: Social life in film* (2. útgáfa). Los Angeles: SAGE.
- Thoits, P. A. (2012). Self, identity, stress and mental health. Í C. S. Aneshensel, J. C. Phelan og A. Bierman (ritstjórar), *Handbook of the sociology of mental health* (2. útgáfa, bls. 357–377). Dordrecht: Springer.
- Thompson, S. C. og Williams, K. (2009). *Telling stories with photo essays: A guide for preK–5 teachers*. Corwin: Thousand Oaks.
- Tipton, D. B. og Tiemann, K. A. (1993). Using the feature film to facilitate sociological thinking. *Teaching Sociology*, 21(2), 187–191. <https://doi.org/10.2307/1318642>
- Trentmann, F. (2016). *Empire of things: How we became a world of consumers, from the fifteenth century to the twenty-first*. New York: Harper Collins.

- Veblen, T. (1970). *The theory of the leisure class: An economic study of institutions*. London: Unwin, (frumútgáfa 1899).
- Viðar Halldórsson. (2019). Sports participation in Iceland. Í K. Green, Thorsteinn Sigurjónsson og E. Á. Skille (ritstjórar), *Sport in Scandinavia and the Nordic countries* (bls. 87–107). London: Routledge.
- Viðar Halldórsson. (2020). National sport success and the emergent social atmosphere: The case of Iceland. *International Review for the Sociology of Sport*, 55(2). <https://doi.org/10.1177/1012690220912415>
- Viðar Halldórsson og Katovich, M. A. (2018). Going bad and staying bad: Crystallizing dramatic self change. *Symbolic Interaction*, 42(3), 432–456. <https://doi.org/10.1002/symb.397>
- Young, N. (1978). Comes a time. Sótt af <https://genius.com/Neil-young-comes-a-time-lyrics>
- Zorbaugh, H. W. (1929). *The gold coast and the slum: A sociological study of Chicago's near north side*. Chicago: Chicago University Press.
- Þórólfur Þórlindsson (2012). Siðfræði og fagmennska í heimi fáránleikans: Um siðrof og útlaga í kvikmynd Sams Peckinpahs, *The Wild Bunch*. *Íslenska Þjóðfélagið*, 3(1), 41–56.

Greinin barst tímaritinu 13. nóvember 2019 og var samþykkt til birtingar 11. maí 2020

UM HÖFUNDINN

Viðar Halldórsson (vidarh@hi.is) er prófessor í félagsfræði við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Viðar er með doktorspróf í félagsfræði frá Háskóla Íslands frá árinu 2012. Í rannsóknum sínum hefur Viðar sérstaklega skoðað hvernig menning, hefðir og félagslegt andrúmsloft hafa áhrif á árangur einstaklinga, hópa og þjóða, eins og í íþróttum. Viðar hefur einnig sérstakan áhuga á félagslegri virkni í minni hópum og sjónrænni félagsfræði.

Visual sociology: Developing a sociological imagination through photography

ABSTRACT

Teaching sociology has traditionally emphasized reading sociology but not seeing sociology. Students, however, live in a visual world which provides them with a great opportunity to apply “a sociological imagination” to their everyday lives (Mills, 1959). Visual sociology has thus gained increased legitimacy in the social sciences in the last decades. Visual media, such as photographs and movies, have been found to be an effective tool for teaching sociology, as well as for sociological research and analysis, as they provide credible representations of society. One of the strengths of utilizing visual media for sociological analysis is that the researcher can slow the world down, freeze time and study particular moments through visual media content with the intention of raising awareness of a particular time and place. Visual media also provide the researcher with access to multiple socio-historical sites, which he/she usually cannot access through other means. It is argued that through the analysis of visual media the researcher can enhance his/her understanding of the relationship between the individual and society and develop a sociological imagination.

Photographs are often meant to satisfy three basic needs; to capture memories, to show something beautiful and to demonstrate the truth. Visual sociology is mainly concerned with the truth of photographs. Through photographs the viewer can see some aspects of the truth, but not necessarily the whole truth. Photographs are, however, believed to show a more realistic perspective of reality and the everyday lives of people within societies than most other art forms.

In this paper I make a case for social science teachers to make use of photo essays as class assignments, where students take their own photographs and analyze them from a sociological perspective, in order to help students learn sociology and to develop a sociological imagination of society and their everyday lives. Photo essays, as introduced in this paper, conform to many of the core aims of the Icelandic national curriculum guide for compulsory and upper secondary schools, such as the emphasis on diverse teaching methods from where students should gain autonomy, accountability and spark their creative spirits, inside and outside the classroom.

Thus, in this paper I analyze four of my own photographs through a sociological imagination to illustrate the method of using visual sociology in teaching and societal analysis. The main aims of the paper are: firstly to illustrate sociological theories and concepts through the use of photographs, and in particular photo essays; second, to help the reader develop a sociological imagination of society; third, to draw the reader’s attention to various social issues; and finally to encourage teachers of sociology to utilize visual media in their teaching.

The photographs are analyzed through the four themes which Sutherland and Feltey (2013) suggested for a sociological analysis of visual media: institutions, inequality, interaction, and identity, and they represent both the macro and micro levels of society. The

first photograph represents “capitalist society” and provides insight into the city structure and city life in downtown Chicago. The photo, named “The Triumph of Capitalism” illustrates the social stratification of society, as a social institution, where the capitalist ideology is represented as victorious. The second photograph, named “False Needs” represents “consumer society” where it shows a corpus of used gift wrappings and waste in the aftermath of a Christmas Eve celebration at an affluent Icelandic home. The photograph highlights inequality where an affluent Western society like Iceland is represented by the overconsumption of consumer goods, to satisfy what Marcuse (1964) termed as “false needs”, while poorer societies cannot attend to the basic needs of their citizens who live in poverty and hunger. The third photograph, named “The Ties of Generations”, represents the problems of inter-generational communication within modern “technological society.” The photograph shows three males of different generations posing for a photo outside a baseball game at the Chicago Cubs stadium. While the argument of the analysis suggests there is decreased communication between the elders and the youngsters in modern society, the photo shows how sports can connect individuals of different ages through a common, real-life event. The last photograph looks behind the scenes in the life of a cancer patient, representing “normal society.” The photograph named “Behind the Scenes” shows this woman’s anxiousness about her self-identity after losing her hair due to cancer treatment, with the argument that the effect of the hair loss on the patient’s identity has even more damaging effect than the cancer itself.

The four photographs analyzed in this paper provide the viewer with different insights into everyday life in modern societies. The photographs, however, all show how social structures – which people do not necessarily acknowledge in their everyday lives – constrain and affect the actions, perceptions and emotions of people in their daily lives. Thus, as argued in this paper, the analysis of visual media, such as photographs, can provide students and other audiences with a meaningful understanding of society, increased criticism of social issues, and, furthermore, can provoke new questions about the relationship between the individual and society. In other words, such analysis is an effective tool to enhance students’ sociological imagination inside and outside the classroom.

Keywords: sociology, sociological imagination, photography, teaching tool, photo essays

ABOUT THE AUTHOR

Vidar Halldorsson (vidarh@hi.is) is a full-time professor of sociology in the Department of Sociology, Anthropology and Folkloristics at the University of Iceland. Vidar gained his Ph.D. degree in sociology from the University of Iceland in 2012. His research has, in particular, focused on how culture, tradition and social atmosphere influence the achievement of individuals, groups and nations, especially in sports. Moreover, Vidar has been interested in the dynamics of small groups as well as visual sociology.